

## **40. stjórnarfundur Sorpstöðvar Suðurlands, haldinn að Eyravegi 8, 7. maí 1996, kl. 10.00.**

Mættir: Karl Björnsson, Guðmundur Hermannsson, Guðmundur Ingi Gunnlaugsson og Þorvarður Hjaltason.

### **Dagskrá:**

#### **1. Niðurstaða yfirmats í yfirmatsmálinu Ölfushreppur gegn eigendum Hvolsbrúnar.**

Samþykkt að stefna að fundi með lögmonnum Ölfushrepps og Sorpstöðvar Suðurlands.

#### **2. Staða viðskipta Sorpstöðvarinnar m.v. mánaðarmótin apríl/maí.**

Tekjur benda til þess að tekjuhlið fjárhagsáætlunar standist og því ekki talin ástæða til að breyta gjaldskrá að sinni.

#### **3. Kaup á trjáklara.**

Fyrir liggur tilboð frá Merkúr hf., um trjáklara af gerðinni Vermeer 935BC. Samþykkt, enda liggur fyrir að mikill áhugi er hjá stærstu viðskiptavinum stöðvarinnar og því ljóst að tekjur af útleigu munu standa undir afskriftum og viðhaldi.

#### **4. Pappírssöfnun - fyrirkomulag - auglýsingar.**

Lagður fram undirritaður rammasamningur við Gámaþjónustunar hf., dags. 11. apríl 1996.

Framkvæmdastjóri kynnti fyrirhugaða pappírssöfnun sem mun hefjast nú í maí mánuði. Fyrst um sinn verða söfnunargámar á Stokkseyri, Eyrarbakka, Þorlákshöfn, Hveragerði og Selfossi en öll þessi sveitarfélög hafa ákveðið að taka þátt í söfnuninni. Jafnframt gerði framkvæmdastjóri grein fyrir sérstökum pappírssöfnunarkössum sem verður dreift á heimili í samvinnu við KÁ og Gámaþjónustuna. Kostnaður Sorpstöðvarinnar við kynningu málsins er áætlaður um 200 þúsund krónur.

#### **5. Ráðning starfsmanns.**

Fjórar umsóknir lágu fyrir. Samþykkt var að ráða Hörð Hansson.

#### **6. Aðalfundur 1996.**

Samþykkt að halda aðalfundinn þriðjudaginn 4. júní kl. 14.00 á Hótel Selfossi.

#### **7. Önnur mál.**

##### **a) Efnisflutningar og framkvæmdir við urðunarreinar.**

Rætt um núverandi fyrirkomulag.

Samþykkt að bjóða út efnisflutninga á komandi hausti og framkvæmdir við urðunarreinar á næsta ári.

**b) Hreinsunaráttak á vori.**

Kynnt ýmis konar efni frá Heilbrigðiseftirliti Suðurlands vegna átaksins sem nú stendur yfir.

Stjórn Sorpstöðvarinnar lýsir yfir mikilli ánægju með forystu og framkvæmd Heilbrigðiseftirlits Suðurlands á málinu.

Fundi slitið kl. 12.00.

Karl Björnsson.

Guðmundur Ingi Gunnlaugsson.

Guðmundur Hermannsson.

Þorvarður Hjaltason.